

# BANDALAG STARFSMANNA RÍKIS OG BÆJA



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 127/1553*  
*komudagur 24. 2002*

Reykjavík, 26. mars 2002

BSRB hefur borist tillaga til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð hálendisins norðan Vatnajökuls, 389. mál.

BSRB hefur ekki tekið afstöðu til virkjunaráforma norðan Vatnajökuls. Hins vegar hafa samtökin ætíð verið hlynt því að leitað sé til þjóðarinnar um ákvarðanir sem skipta framtíð lands og þjóðar miklu.

f.h. BSRB

  
Svanhildur Halldórsdóttir



# KVENFÉLAGASAMBAND ÍSLANDS

FEDERATION OF ICELANDIC WOMEN'S SOCIETIES

ADILI AÐ  
N.H.F.  
OG  
A.C.W.W.

Hallveigarstöðum, Túngötu 14, 101 Reykjavík - Kennitala 710169-6759 - Sími 552 7430 - Fax 552 7073 - Netfang: kvenfels@centrum.is

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 127, 2002*  
*komudagur 27.4.2002*

Reykjavík, 23. mars 2002

Allsherjarnefnd Alþingis,  
Hildur Njarðvík, nefndarritari  
Alþingi,  
150 Reykjavík

Mál: Tillaga til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð hálendisins norðan Vatnajökuls

Flm. Kolbrún Halldórsdóttir, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason, Steingrímur J. Sigfússon, Puriður Backmann, Ögmundur Jónasson.

**Umsögn frá Kvenfélagasambandi Íslands:**

**Þjóðaratkvæðagreiðsla um framtíð hálendisins norðan Vatnajökuls fari fram samhliða sveitarstjórnarkosningunum 25. maí 2002.**

Virðingarfyllst

f.h. Kvenfélagasambands Íslands

*Helga Guðmundsdóttir*

Helga Guðmundsdóttir

forseti KÍ



Ránargata 18  
101 Reykjavík  
Sími: 552 5242  
Fax: 562 5242  
Netfang: landvernd@landvernd.is  
Veffang: www.landvernd.is

**LANDVERND**  
*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 127/1327*  
*komudagur 19.3.2002*

**Umhverfisnefnd Alþingis**  
Nefndasvið / Helga E. Þórisdóttir  
150 Reykjavík

18. mars 2002


**Efni: Þingsályktunartillaga um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð hálendisins norðan Vatnajökuls, 389. mál.**

Vísað er í bréf Alþingis dagsett 22. febrúar 2002.

Landvernd, landgræðslu- og náttúruverndarsamtök Íslands, telja afar mikilvægt að vanda alla umfjöllun um nýtingu hálendisins norðan Vatnajökuls. Eins og fram hefur komið þá hafa samtökin komið því álit á framfæri, að á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga sé ekki tímabært að kveða á um byggingu Kárahnjúkavirkjunar. Til fróleiks fylgir skýrsla sem Landvernd tók saman um þetta efni.

Landvernd hefur vakið athygli á og fjallað ítarlega um hugmyndir sem fram hafa komið um þjóðgarð á svæðinu. M.a. áttu samtökin frumkvæði að ráðstefnu um þetta efni í september 2000 og lögðu til við stjórnvöld að gildi svæðisins norðan Vatnajökuls fyrir náttúruvernd og þjóðgarð yrði metið. Nýlega var tekin saman greinargerð um þetta efni á vegum Verkefnisstjórnar um rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sem hér fylgir til fróðleiks.

Landvernd tekur ekki afstöðu til hugmynda um þjóðaratkvæðagreiðslu en leggur áherslu á að allar hugmyndir um nýtingu þessa landssvæðis verði skoðaðar mjög vandlega og að um þær sé fjallað með málefnalegum hætti.

Virðingarfyllst,  
  
Tryggvi Helixson  
framkvæmdastjóri Landverndar

Til nefndarsviðs Alþingis  
Alþingi 150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1370  
komudagur 20.3.2002

Umsögn Náttúruverndarsamtak Vesturlands

Hvanneyri 18.3.2002

um 389. mál

Tillögu til Þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð hálendisins norðan Vatnajökuls.


(Samhljóða umsögn áður send í tölvupósti)

Náttúruverndarsamtök Vesturlands hafa efasemdir um að raunhæft sé að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mikilvæga mál með svo skömmum fyrirvara. Við byggjum skoðun okkar meðal annars á þeirri staðreynd að til þess að taka upplýsta afstöðu í málinu þarf mikla upplýsingaherferð og í þá herferð vantar enn mikilvæg gögn sem verið er að vinna í að skapa m.a. á vettvangi Rammáætlunar iðnaðarráðuneytisins um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Ljóst er að margt vantar í þá heildarsýn sem þarf að leggja til grundvallar stefnumótunar orkumála og landnýtingar á Íslandi til langs tíma. Samtökin telja að forsendur til stefnumarkandi ákvarðana í stórmálum eins og hér er um rætt standi á of veikum grunni til að óhætt sé að hleypa málinu í þjóðaratkvæði á pólitískum grunni. Eðlilegra er að slík þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram að lokinni mun ítarlegri fagvinnu en nú liggur fyrir og á faglegum forsendum, fremur en pólitískum. Það er von samtakanna að tafir á Noral verkefningu gefi þjóðinni tíma til að ná áttum og vinna faglegan undirbúning betur, undirbúning sem gæfi stóriðjuáhangendum aðra niðurstöðu en þeir hafa komist að nú.

F.h. Náttúruverndarsamtaka Vesturlands 18.3.2002

Björn Þorsteinsson



Alþingi  
Erindi nr. P 127/958  
komudagur 1.3.2002

Allsherjarnefnd Alþingis.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð  
hálandisins norðan Vatnajökuls, 389. mál.

Skotveiðifélag Íslands tekur ekki afstöðu til þessa máls. Við teljum að of  
skammur tími sé til stefnu til að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um svo  
mikilvægt mál sem þetta. Þar að auki hefur Skotveiðifélag Íslands miklar  
efasemdir um stofnun þjóðgarðs á þessu svæði. Samkvæmt núgildandi lögum um  
þjóðgarða á Íslandi eru allar veiðar bannaðar í þeim. Eigi þau lög að gilda í  
þeim fyrirhugaða nýja þjóðgarði á hálandinu norðan Vatnajökuls er  
Skotveiðifélag Íslands alfarið á móti stofnun þjóðgarðs. Á þessu svæði eru  
stundaðar veiðar á hreindýrum, gæsnum og rjúpum. Skotveiðifélagið gæti aðeins  
samþykkt að á þessu svæði yrði stofnaður þjóðgarður ef tryggt yrði að veiðar  
yrðu heimilaðar þar.

Virðingarfyllst fyrir hönd stjórnar SKOTVÍS  
Sigmar B. Hauksson  
formaður

--



## UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS

FELLSMÚLA 26 • 108 REYKJAVÍK  
SÍMI +354 568 2929 • FAX +354 568 2935  
umfi@umfi.is • www.umfi.is

Alþingi  
Erindi nr. P 127/137/  
komudagur 20.3.02/12


Reykjavík 19/03/02

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

*Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu, 389. mál*

Í framhaldi af bréfi dagsett 22. febrúar 2002, þar sem farið er fram á umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð hálendisins norðan Vatnajökuls, 389. mál, vill Ungmennafélag Íslands(UMFÍ) staðfesta að engin afstaða er tekin til þessa máls að hálfu UMFÍ.

F.h. Ungmennafélags Íslands



Sæmundur Runólfsson framkvæmdastjóri



Stykkishólmi  
2-4. ágúst 2002



24. LANDSMÓT UMFÍ  
Á VESTFJÖRDUM



LEIFÞOGA  
SKÓLINN